

Opin Kerfi Group hf.

**Ársreikningur
2005**

Opin Kerfi Group hf.
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Kt. 530891-1439

Efnisyfirlit

Áritun stjórnar	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun endurskoðenda	4	Sjóðstreymisyfirlit	7
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Ársreikningar félagsins á undanförunum árum hafa verið gerðir í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur. Heildaráhrifin á eigið fé félagsins eru þau að bókfært eigið fé í ársbyrjun 2005 lækkar um 6,5 millj. kr. eða úr 2.603 millj. kr. í 2,597 millj. kr. Í reikningnum er gerð nánari grein fyrir þeim áhrifum sem upptaka staðlanna hefur á reikningsskil félagsins. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Opín Kerfi Group hf. og dótturfélaga, sem voru fjögur í lok tímabilsins. Í ársbyrjun var dótturfélagið Skýrr hf. fært frá samstæðunni til móðurfélagsins Kögunar hf. sem hafði í för með sér lökkun eigin fjár samstæðunnar sem nemur 1.208 millj. kr.

Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á árinu að fjárhæð 215 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu námu 11.516 millj. kr. á tímabilinu. Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 1.465 millj. kr. og heildareignir 4.934 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum á tímabilinu.

Stjórn og forstjóri Opín Kerfi Group hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. febrúar 2006

Í stjórn:

Gunnlaugur M. Sigmundsson

Skúli Valberg Ólafsson

Bjarni Birgisson

Vilhjálmur Þorsteinsson

Örn Karlsson

Forstjóri:

Gylfi Árnason

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Opin Kerfi Group hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Opin Kerfi Group hf. fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning móðurfélagsins og dótturfélaga þess og greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningur samstæðunnar gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 21. febrúar 2006

Margrét Guðjónsdóttir

Jón S. Helgason

KPMG Endurskoðun hf.

Rekstrarreikningur ársins 2005

	Skýr.	2005	2004
Seldar vörur og þjónusta	1	11.516.016	14.763.461
Kostnaðarverð seldra vara		7.642.169	8.899.856
Laun og launatengd gjöld.....	4	2.659.370	3.881.302
Annar rekstrarkostnaður		834.980	1.176.684
		<u>11.136.519</u>	<u>13.957.842</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (e. EBITDA)	1,2	379.497	805.619
Afskriftir.....	10	(76.227)	(417.857)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	7	(47.375)	(40.816)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi		876	(21.374)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		256.771	325.572
Tekjuskattur.....	8	(42.135)	(100.911)
Hagnaður ársins	1,2,18	<u>214.636</u>	<u>224.661</u>
Hagnaðarhlutur:			
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár		1,03	0,75

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

	Skýr.	2005	2.004
Eignir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	137.111	861.680
Óefnislegar eignir	12	1.978.261	2.721.742
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		0	50.600
Eignarhlutir í öðrum félögum	14	1.514	99.653
Reiknuð skatteign	15	0	19.141
Aðrar eignir		4.921	5.646
Fastafjármunir samtals		2.121.807	3.758.462
Vörubirgðir		269.567	333.543
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	16	2.273.852	3.032.229
Handbært fé		268.830	163.892
Veltufjármunir samtals		2.812.249	3.529.664
Eignir samtals		4.934.056	7.288.126
Eigið fé:			
Hlutfé	17	208.921	303.885
Yfirverðsreikningur		833.410	1.632.320
Annað bundið eigið fé.....		(137.774)	529
Óráðstafað eigið fé		560.546	659.791
Eigið fé samtals	18,21	1.465.103	2.596.525
Skuldir:			
Tekjuskattsskuldbinding.....	15	5.463	0
Vaxtaberandi langtímalán	19	1.054.478	1.437.447
Langtímaskuldir samtals		1.059.941	1.437.447
Vaxtaberandi skammtímalán		190.901	126.901
Næsta árs afborganir langtímalána.....	20	179.458	272.674
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		2.038.653	2.854.579
Skammtímaskuldir samtals		2.409.012	3.254.154
Skuldir samtals		3.468.953	4.691.601
Eigið fé og skuldir samtals		4.934.056	7.288.126

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2005

	Skýr.	2005	2004
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins.....		214.636	224.661
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi		63.303	411.822
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		53.683	418.857
Greidd vaxtagjöld	(76.015)	(89.138)
Greiddur tekjuskattur	(21.193)	(83.541)
Handbært fé frá rekstri		<u>234.414</u>	<u>882.661</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir umfram selda	(64.345)	(401.925)
Söluverð eignarhluta í félögum		33.738	179.215
Fjárfesting í öðrum félögum að frádregnu yfirteknu			
handbæru fé	(149.778)	(224.643)
Keypt verðbréf umfram seld		900	(2.974)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(179.485)</u>	<u>(450.327)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Innborgað hlutafé.....		0	115.348
Tekin ný langtímalán		884.448	79.552
Greiddar afborganir langtímalána	(800.895)	(271.813)
Skammtímalán, breyting	(33.544)	(404.715)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>50.009</u>	<u>(481.628)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		104.938	(49.294)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>163.892</u>	<u>213.186</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>268.830</u></u>	<u><u>163.892</u></u>

Skýringar

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Opin Kerfi Group hf. er með lögheimili að Höfðabakka 9 í Reykjavík. Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2005 hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar. Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins 21. febrúar 2006.

a. *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), sem settir hafa verið af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu (IASB) og staðfestir af Evrópusambandinu. Þetta er fyrsti ársreikningur samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Yfirlýsingin er í samræmi við IFRS-staðal 1, Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Upplýsingar um áhrif innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu samstæðunnar og afkomu er að finna í skýringu 21. Í skýringunni eru sýndar breytingar á samanburðarfjárhæðum eigin fjár og afkomu samstæðunnar eins og þær voru birtar samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum fyrir árið 2004 og eins og þær birtast samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

b. *Grundvöllur reikningsskilanna*

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að veltufjáreignir eru færðar á gangvirði.

Gerð ársreiknings í samræmi við IAS 1, Framsetning reikningsskila, krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu aðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og forsendur því tengdar, eru byggðar á sögulegri reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir við þessar kringumstæður og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Raunverulegar niðurstöður kunna að víkja frá þessu mati.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem staðfestir eru af Evrópusambandinu við gerð fyrsta ársreiknings samstæðunnar.

Gerð ársreiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 1 leiddi til breytinga á reikningsskilaaðferðum sem notaðar voru við gerð samstæðureiknings félagsins fyrir árið 2004, en hann var gerður samkvæmt íslenskum reikningsskilareglum. Þeim reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt á samræmdan hátt fyrir það tímabil sem þessi ársreikningur nær til og ennfremur við gerð opnunarefnahagsreiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum þann 1. janúar 2004 að því er varðar yfirlýsingu í alþjóðlega reikningsskilastaðla.

c. *Grundvöllur samstæðu*

(i) *Dótturfélög*

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirlýsing. Yfirlýsingin er til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirlýsingunni er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum félagsins frá því að yfirlýsing nást og þar til þeim lýkur.

Skýringar, frh.:

(ii) *Hlutdeildarfélög*

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif, en ekki yfirráð, á fjárhags- og rekstrarstefnu. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélags. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

(iii) *Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum*

Stöður milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður, tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins. Óinnleystur hagnaður sem myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í félagunum. Óinnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður til lækkunar á bókfærðu verði þeirra. Óinnleyst töp eru felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar eignarinnar.

d. ***Erlendir gjaldmiðlar***

(i) *Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

e. ***Ársreikningar erlendra dótturfélaga***

Starfsemi samstæðunnar erlendis er talin aðskiljanlegur hluti frá starfsemi móðurfélagsins. Í samræmi við það eru eignir og skuldir erlendu starfseminnar, að meðtalinni viðskiptavild, umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok ársins. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við meðalgengi hvers mánaðar. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu reikninganna í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár.

f. ***Áhættuvarnir vegna fjárfestinga erlendis***

Þar sem skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru notaðar til að verjast gengisáhættu vegna fjárfestinga í erlendum dótturfélögum er gengismunur af skuldunum færður á sérstakan lið meðal eigin fjár.

g. ***Varanlegir rekstrarfjármunir***

(i) *Eignir í eigu fyrirtækisins*

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

(ii) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Félagið eignfærir kostnað sem til fellur vegna endurnýjunar rekstrarfjármuna eða einstakra hluta hans ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni renni til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Skýringar, frh.:

g. **Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:**

(iii) *Afskriftir*

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna að teknu tilliti til áætlaðs hrakvirðis þeirra. Áætlaður nýtingartími og hrakvirði greinist þannig:

	Nýtingartími	Hrakvirði
Tölvubúnaður og áhöld	3-5 ár	0
Bifreiðar	5 ár	0

h. **Óefnislegar eignir**

(i) *Viðskiptavild*

Viðskiptavild er fjárhæð sem myndast hefur við kaup á dótturfélögum.

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Viðskiptavild er tengd sjóðskapandi einingum og er ekki lengur afskrifuð línulega, en árlega er gert virðisrýrnunarpróf.

(ii) *Aðrar óefnislegar eignir*

Óefnislegar eignir aðrar en viðskiptavild eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma sem greinist þannig:

	Nýtingartími
Leyfisgjöld	2 ár

i. **Eignarhlutir í félögum**

Fjárfestingar í hlutabréfum eru flokkaðar sem fjáreignir til sölu og eru metnar á kostnaðarverði þar sem ekki liggur fyrir mat á gangvirði þeirra.

Fjáreignir til sölu eru skráðar hjá samstæðunni á þeim degi sem hún skuldbindur sig til að kaupa fjáreignirnar og afskráðar þegar samstæðan skuldbindur sig til að selja þær.

j. **Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur**

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

k. **Birgðir**

Birgðir af endursöluvörum og rekstrarvörum eru færðar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegri starfsemi að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

Kostnaður við birgðir er byggður á “fyrst inn - fyrst út” reglunni við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á núverandi stað og í núverandi ásigkomulag.

Skýringar, frh.:

l. **Handbært fé**

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður.

m. **Virðisrýmun**

Bókfært verð eigna samstæðunnar, annarra en reiknaðrar skatteignar og birgða er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýmun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Virðisrýmunarprófanir eru gerðar að minnsta kosti árlega á ófnislegum eignum sem taldar eru hafa tiltekinn nýtingartíma.

Virðisrýmun er færð hvenær sem bókfært verð eignar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýmun eru færð í rekstrarreikning.

Virðisrýmunarprófanir voru gerðar á viðskiptavild 1. janúar 2005 og í árslok 2005.

(i) **Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð**

Endurheimtanleg fjárhæð krafna er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis afvaxtað með upphaflegum virkum vöxtum. Skammtímakröfur eru ekki afvaxtaðar.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárflæði sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

(ii) **Bakfærsla virðisrýmunar**

Virðisrýmun af viðskiptakröfum sem félagið á er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýmunin var færð.

Virðisrýmunartap viðskiptavildar er ekki bakfært.

Virðisrýmun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð.

Virðisrýmun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýmun, að frádregnum afskriftum sem hefðu verið færðar, ef engin virðisrýmun hefði orðið.

n. **Hlutafé**

(i) **Kaup á eigin bréfum**

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð sem breyting á eigin fé. Kaup á eigin bréfum eru færð til lækkunar á eigin fé.

o. **Vaxtaberandi lántökur**

Vaxtaberandi lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum tilheyrandi kostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð upp miðað við virka vexti.

Skýringar, frh.:

p. **Skuldbindingar**

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar samstæðunni ber lagaleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á henni við að gera upp skuldbindinguna.

q. **Tekjur**

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsteggi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vöru verði skilað.

r. **Útgjöld**

(i) *Kostnaðarverð seldra vara og annar rekstrarkostnaður*

Kostnaðarverð seldra vara samanstendur af heildarkostnaði við innkaup endursöluvara þegar tekið hefur verið tillit til birgðabreytingar.

Annar rekstrarkostnaður samkvæmt rekstrarreikningi samanstendur af sölukostnaði, dreifingarkostnaði, þjónustu við viðskiptavinum, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, niðurfærslu skammtímakrafna og ýmsum öðrum kostnaði.

(ii) *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samstanda af vaxtagjöldum af lánnum sem reiknuð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum og gengishagnaði og gengistapi.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti af eigninni. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er tilkynnt.

s. **Tekjuskattur**

Tekjuskattur á afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsskuldbindingaraðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikninginum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Tekjuskattur er ekki reiknaður fyrir viðskiptavild, sem ekki er frádráttarbær samkvæmt skattalögum, og mismuni sem tengjast fjárfestingum í dótturfélögum að því marki sem tímabundni mismunurinn muni líklega ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsteggi.

Reiknuð skattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni.

Starfsþáttayfirlit

- Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir sviðum annars vegar og eftir landssvæðum hins vegar. Ítarlegt starfsþáttayfirlit er birt eftir eðli rekstrar og byggir það á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Rekstrarafkoma starfsþáttar, eignir og skuldir, taka til liða sem heyra beint undir ákveðna starfsþætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta á milli starfsþátta á rökrænan hátt. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfsþáttum samanstanda mestmegnis af tekjuskapandi eignum, vaxtaberandi lánnum, lántöku og útgjöldum, og af sameiginlegum eignum og gjöldum.

Starfsþættir eftir sviðum

Vörur innifela sölu á vél- og hugbúnaði en þjónusta innifelur þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina.

Landssvæðaskipting

Við framsetningu upplýsinga á grundvelli landssvæða er skipting byggð á landfræðilegri staðsetningu starfsemi.

Starfsþættir eftir sviðum 2005

	Vörur	Þjónusta	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila:				
Seldar vörur og þjónusta	8.900.517	2.588.507		11.489.024
Aðrar tekjur	14.021	12.971		26.992
Tekjur frá þriðja aðila samtals	8.914.538	2.601.478		11.516.016
Tekjur innan samstæðunnar		31.079	(31.079)	0
Heildartekjur	8.914.538	2.632.557	(31.079)	11.516.016
Rekstrargjöld starfsþátta	(8.711.853)	(2.455.745)	31.079	(11.136.519)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	202.685	176.812	0	379.497
Afskriftir	(30.548)	(45.679)		(76.227)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	172.137	131.133	0	303.270
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				(47.375)
Áhrif hlutdeildarféлага				876
Tekjuskattur				(42.135)
Hagnaður ársins				214.636
Eignir starfsþátta	2.076.677	633.459		2.710.136
Óskiptar eignir				2.223.920
Eignir samtals				4.934.056
Skuldir starfsþátta	1.355.911	578.670		1.934.581
Óskiptar skuldir				1.534.372
Skuldir samtals				3.468.953

Skýringar, frh.:

Starfsþættir eftir sviðum 2004

	Vörur	Þjónusta	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila:				
Seldar vörur og þjónusta	9.740.398	4.915.588		14.655.986
Aðrar tekjur	58.206	49.269		107.475
Tekjur frá þriðja aðila samtals	9.798.604	4.964.857		14.763.461
Tekjur innan samstæðunnar	72.070	15.680	(87.750)	0
Heildartekjur	9.870.674	4.980.537	(87.750)	14.763.461
Rekstrargjöld starfsþátta	(9.573.301)	(4.472.291)	87.750	(13.957.842)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	297.373	508.246	0	805.619
Afskriftir	(47.097)	(370.760)	0	(417.857)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	250.276	137.486	0	387.762
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				(40.816)
Áhrif hlutdeildarféлага				(21.374)
Tekjuskattur				(100.911)
Hagnaður ársins				224.661
Eignir starfsþátta	2.285.771	2.044.161		4.329.932
Óskiptar eignir				2.958.194
Eignir samtals				7.288.126
Skuldir starfsþátta	1.797.624	1.435.298		3.232.922
Óskiptar skuldir				1.458.679
Skuldir samtals				4.691.601

Landssvæðaskipting 2005

	Ísland	Svíþjóð	Danmörk	Samtals
Rekstrartekjur	3.495.331	6.232.803	1.787.882	11.516.016
Rekstrargjöld án afskrifta	(3.321.366)	(6.096.639)	(1.718.514)	(11.136.519)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (e. EBITDA)	173.965	136.164	69.368	379.497
Afskriftir	(8.118)	(56.752)	(11.357)	(76.227)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	61.816	(94.268)	(14.047)	(46.499)
Tekjuskattur	(43.584)	16.020	(14.571)	(42.135)
Hagnaður ársins	184.079	1.164	29.393	214.636
Eignir landssvæða	1.026.130	3.043.710	864.216	4.934.056

Skýringar, frh.:

Landssvæðaskipting 2004	Ísland	Svíþjóð	Danmörk	Samtals
Rekstrartekjur	5.385.423	8.188.632	1.189.406	14.763.461
Rekstrargjöld án afskrifta	(4.845.179)	(7.982.112)	(1.130.551)	(13.957.842)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (e. EBITDA)	540.244	206.520	58.855	805.619
Afskriftir	(303.207)	(107.693)	(6.957)	(417.857)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	100.985	(130.725)	(11.076)	(40.816)
Áhrif hlutdeildarféлага	(20.604)		(770)	(21.374)
Tekjuskattur	(87.441)	(70)	(13.400)	(100.911)
Hagnaður (tap) ársins	229.977	(31.968)	26.652	224.661
Eignir landssvæða	3.043.024	3.845.315	399.787	7.288.126

Ársfjórðungayfirlit

2. Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	4. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	1. árs- fjórðungur	Samtals
Árið 2005					
Rekstrartekjur	3.509.541	2.371.010	2.964.628	2.670.837	11.516.016
Rekstrargjöld án afskrifta	(3.334.295)	(2.343.485)	(2.896.696)	(2.562.043)	(11.136.519)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (e. EBITDA)	175.246	27.525	67.932	108.794	379.497
Afskriftir	(19.483)	(18.434)	(18.675)	(19.635)	(76.227)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	155.763	9.091	49.257	89.159	303.270
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2.803)	(14.161)	(14.203)	(16.208)	(47.375)
Áhrif hlutdeildarféлага	876	0	0	0	876
Hagnaður fyrir skatt (EBT)	153.836	(5.070)	35.054	72.951	256.771
Tekjuskattur	(25.140)	5.329	(6.688)	(15.636)	(42.135)
Hagnaður tímabilsins	128.696	259	28.366	57.315	214.636
EBITDA hlutfall	5,0%	1,2%	2,3%	4,1%	3,3%
Árið 2004					
Rekstrartekjur	4.394.073	2.866.269	3.822.199	3.680.920	14.763.461
Rekstrargjöld án afskrifta	(4.076.071)	(2.748.195)	(3.613.794)	(3.519.782)	(13.957.842)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (e. EBITDA)	318.002	118.074	208.405	161.138	805.619
Afskriftir	(228.065)	(60.909)	(65.995)	(62.888)	(417.857)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	89.937	57.165	142.410	98.250	387.762
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	89.095	(21.959)	(67.080)	(40.872)	(40.816)
Áhrif hlutdeildarféлага	(2.192)	(3.903)	(17.019)	1.740	(21.374)
Hagnaður fyrir skatt (EBT)	176.840	31.303	58.311	59.118	325.572
Tekjuskattur	(86.991)	4.567	(17.221)	(1.266)	(100.911)
Hagnaður tímabilsins	89.849	35.870	41.090	57.852	224.661
EBITDA hlutfall	7,2%	4,1%	5,5%	4,4%	5,5%

Skýringar, frh.:

Breytingar á samstæðunni

3. Í byrjun árs 2005 var samstæðunni skipt upp með þeim hætti að dótturfélagið Skýrr hf. var fært til móðurfélags samstæðunnar, Kögunar hf. Áhrif á efnahagsreikning samstæðunnar til lækkunar eru eftirfarandi:

Eignir:

Varanlegir rekstrarfjármunir	720.089
Óefnislegar eignir	582.413
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	43.292
Eignarhlutir í öðrum félögum	87.614
Reiknuð skattinneign	17.317
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	462.352
Handbært fé	35.546
Eignir samtals	1.948.623

Eigið fé og skuldir:

Hlutfé	94.964
Yfirverðsreikningur	798.910
Óráðstafað eigið fé	313.881
Vaxtaberandi langtímalán	307.515
Næsta árs afborganir langtímaskulda	59.490
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	373.863
Eigið fé og skuldir samtals	1.948.623

Laun og launatengd gjöld

	2005	2004
4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	1.916.782	2.942.660
Launatengd gjöld	742.588	938.642
	2.659.370	3.881.302
Starfsmannafjöldi að meðaltali miðað við heilsársstörf	421	592

5. Laun til stjórnenda samstæðunnar vegna starfa fyrir félag í samstæðunni greinast þannig:

	Laun og hlunnindi
Gylfi Árnason, forstjóri	18.160
Gunnlaugur M. Sigmundsson, stjórnarformaður	650
Skúli Valberg Ólafsson, varaformaður	1.275
Bjarni Birgisson, stjórnarmaður	325
Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarmaður	325
Örn Karlsson, stjórnarmaður	325
Framkvæmdastjóri fjármála og þrjár forstjórar dótturfélaga	59.591
	80.651

Skýringar, frh.:

6. Þóknarir til endurskoðenda greinast þannig:	2005	2004
Endurskoðun ársreiknings	7.915	11.179
Könnun árshlutareikninga	1.829	4.317
Önnur þjónusta	7.581	9.220
	<u>17.325</u>	<u>24.716</u>
Þar af þóknun til annarra en KPMG á Íslandi	<u>7.922</u>	<u>10.581</u>

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

7. Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur	14.397	30.798
Söluhagnaður (-tap) eignarhluta	15.028	97.627
Virðisrýmun eignarhluta í öðrum félögum	0	(50.666)
	<u>29.425</u>	<u>77.759</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af bankalánum	(45.560)	(57.053)
Önnur vaxtagjöld	(29.363)	(69.483)
	<u>(74.923)</u>	<u>(126.536)</u>
Gengismunur	(1.877)	7.961
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(47.375)</u>	<u>(40.816)</u>

Tekjuskattur

8. Virkt skatthlutfall:		2005		2004
Afkoma fyrir skatta		256.771		326.342
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	18,0%	46.219	18,0%	58.742
Áhrif annarra skatthlutfalla erlendis	2,1%	6.762	0,5%	1.709
Hlutdeild í afkomu	0,0%	0	7,9%	25.754
Ófrádráttarbær kostnaður og yfirfæranlegt tap	-3,3%	(10.846)	4,5%	14.706
Tekjuskattur	16,7%	<u>42.135</u>	30,9%	<u>100.911</u>

Skýringar, frh.:

Varanlegir rekstrarfjármunir

9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Tölvubúnaður og áhöld	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 31.12.2004	400.438	1.549.049	12.942	1.962.429
Afskrifað áður	(70.519)	(1.024.043)	(6.187)	(1.100.749)
Bókfært verð 31.12.2004	329.919	525.006	6.755	861.680
Fært út við skiptingu	(329.919)	(390.170)		(720.089)
Bókfært verð 1.1. 2005	0	134.836	6.755	141.591
Viðbót á árinu		58.021	8.975	66.996
Yfirtekið í samstæðu		4.453		4.453
Selt á árinu		(2.432)	(1.716)	(4.148)
Gengismunur		(18.187)		(18.187)
Afskrifað á árinu		(51.595)	(1.999)	(53.594)
Bókfært verð 31.12.2005	0	125.096	12.015	137.111
Heildarverð 31.12.2005		287.397	17.429	304.826
Afskrifað samtals 31.12.2005		(162.301)	(5.414)	(167.715)
Bókfært verð 31.12.2005	0	125.096	12.015	137.111
Afskriftahlutföll		20-33%	20%	

Í árslok 2005 nam váttryggingarverðmæti tölvubúnaðar og áhalda samstæðunnar 419 millj. kr. og vörubirgða 394 millj. kr.

10. Afskriftir samstæðunnar í rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	53.594
Niðurfærsla óefnislegra eigna, sbr. skýringu 12	22.633
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	76.227

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

11. Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð til tryggingar skuldum að eftirstöðvum 1.183 millj. kr. í lok desember 2005. Á lausafjármunum dótturfélags í Svíþjóð hvílir veð allt að 50 millj. SEK kr. til tryggingar á yfirdráttarheimild félagsins. Samstæðan er í ábyrgðum vegna lána, seldra víxla, skuldabréfa og eignaleigusamninga, samtals að fjárhæð 247 millj. kr.

Skýringar, frh.:

Óefnislegar eignir

12. Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Leyfisgjöld	Hugbúnaður	Samtals
Bókfært verð 31.12.2004	2.681.070	40.672	7.927	2.729.669
Fært út við skiptingu	(582.413)			(582.413)
Áhrif nýrra staðla			(7.927)	(7.927)
Bókfært verð 1.1. 2005	2.098.657	40.672	0	2.139.329
Viðbót á tímabilinu	148.004	10.579		158.583
Gengismunur á tímabilinu	(291.597)	(5.421)		(297.018)
Afskrifað á tímabilinu		(22.633)		(22.633)
Bókfært verð 31.12 .2005	1.955.064	23.197	0	1.978.261

Í lok reikningsársins voru framkvæmd virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild félagsins. Við mat á virðisrýrnun er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Við núvirðisútreikning er notuð vaxtaprósentu sem samsvarar vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar þ.e. kostnaður skulda og eigin fjár að teknu tilliti til skatta. Ef gangverð viðskiptavildar (núvirt vænt fjárstreymi) reynist lægra en bókfært verð er mismunurinn færður til gjalda. Samkvæmt niðurstöðum prófanna í árslok 2005 hefur viðskiptavildin ekki orðið fyrir virðisrýrnun.

Viðskiptavild greinist með eftirfarandi hætti:

Kerfi AB, Svíþjóð	1.575.062
Kerfi A/S, Danmörk	318.589
Opin kerfi ehf.	61.413
	<u>1.955.064</u>

Dótturfélög

13. Í árslok voru dótturfélög samstæðunnar fjögur, þau eru eftirfarandi:

	Eignarhlutur
Opin kerfi ehf., Íslandi	100%
Opin kerfi eignarhaldsfélag ehf., Íslandi	100%
Opin Kerfi Sweden - Kerfi AB, Svíþjóð	100%
Kerfi A/S, Danmörk	100%

Eignarhlutir í öðrum félögum

14. Eignarhlutir samstæðunnar í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Fjölnet ehf., Sauðárkróki	2,6%	1.250	1.250
Eignarhlutir í tveimur öðrum félögum			264
			<u>1.514</u>

Skýringar, frh.:

Skattskuldbinding

15. Reiknuð tekjuskattskuldbinding (skatteign) samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

	2005	2004
Reiknuð skatteign í ársbyrjun	(17.714)	(37.113)
Áhrif nýrra staðla	(1.427)	0
Reiknuð skatteign í ársbyrjun (IFRS)	(19.141)	(37.113)
Fært út við skiptingu	17.317	0
Leiðrétt skatteign í ársbyrjun 2005	(1.824)	(37.113)
Tekjuskattur vegna tímabilsins	42.135	100.911
Fært í samstæðu	0	(62.193)
Gengismunur	(1.271)	(359)
Tekjuskattur til greiðslu	(33.577)	(18.960)
	<u>5.463</u>	<u>(17.714)</u>

Reiknuð tekjuskattskuldbinding (skatteign) samstæðunnar skiptist þannig á einstaka liði:

Óefnislegar eignir	7.778	0
Varanlegir rekstrarfjármunir	(350)	63.089
Eignarhlutir í öðrum félögum	(4.749)	(85.419)
Viðskiptakröfur	3.030	9.109
Reiknuð skattskuldbinding (skatteign) vegna liða í efnahagsreikningi	5.709	(13.221)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(246)	(4.493)
	<u>5.463</u>	<u>(17.714)</u>

Aðrar skammtímakröfur

16. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur sundurliðast þannig:

	2005	2004
Viðskiptakröfur	1.976.482	2.445.897
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(36.785)	(65.350)
Krafa á móðurfélag	0	200.000
Ýmsar skammtímakröfur	334.155	451.682
	<u>2.273.852</u>	<u>3.032.229</u>

Eigið fé

17. Hlutfé greinist þannig:

	Fjárhæð	Hlutfall
Hlutfé í lok tímabilsins	208.921	100,0%
Eigin hlutir í lok tímabils	0	0,0%
	<u>208.921</u>	<u>100,0%</u>

Skýringar, frh.:

18. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1 .2004	296.084	1.524.773	50.540	441.630	2.313.027
Innborgað hlutafé	6.705	86.833			93.538
Seld eigin hlutabréf	1.096	20.714			21.810
Gengisáhrif erlendra dótturfélaga.....			(50.011)		(50.011)
Hagnaður ársins				224.661	224.661
Eigið fé 31.12 2004.....	303.885	1.632.320	529	666.291	2.603.025
Eigið fé 31.12.2004	303.885	1.632.320	529	666.291	2.603.025
Áhrif nýrra staðla				(6.500)	(6.500)
Eigið fé 31.12.2004, leiðrétt	303.885	1.632.320	529	659.791	2.596.525
Fært út við skiptingu	(94.964)	(798.910)		(313.881)	(1.207.755)
Eigið fé 31.12.2004, eftir skipt. Gengisáhrif erlendra dótturfélaga.....	208.921	833.410	529	345.910	1.388.770
			(138.303)		(138.303)
Hagnaður ársins				214.636	214.636
Eigið fé 31.12 2005	208.921	833.410	(137.774)	560.546	1.465.103

Langtímaskuldir

19. Langtímaskuldir í lok ársins greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:	2005		2004	
	Meðalvxt.	Eftirstöðvar	Meðalvxt.	Eftirstöðvar
Lán í SEK	3,30%	1.183.281	3,58%	1.273.868
Lán í DKK	5,65%	50.655	5,65%	69.248
Lán í öðrum myntum		0	4,80%	61.996
Lán í ISK		0	6,00%	305.009
		1.233.936		1.710.121
Næsta árs afborgun		(179.458)		(272.674)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals		1.054.478		1.437.447

20. Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2005	0	272.674
Árið 2006	179.458	615.737
Árið 2007	179.458	164.816
Árið 2008	221.182	400.671
Árið 2009	123.169	179.350
Árið 2010	530.669	76.873
	1.233.936	1.710.121

Breytingar á reikningsskilaaðferðum til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla

21. Eins og fram kom í skýringu um mikilvægar reikningsskilaaðferðir er þetta fyrsta árið sem samstæðan gerir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Upplýsingar í þessari skýringu eru þær sömu og voru í árs hlutareikningum 31. mars, 30. júní og 30. september síðastliðinn.

Reikningsskil vegna rekstrarársins 2005 eru gerð samkvæmt þeim reikningsskilaaðferðum sem nánar er greint frá í skýringum um mikilvægar reikningsskilaaðferðir. Það á einnig við um samanburðarfjárhæðir vegna ársins 2004 og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2004, en breytingarnar taka gildi miðað við þann dag, sem nefndur er yfirfærsludagur.

Fjárhæðum í opnunarefnahagsreikningi 1. janúar 2004 hefur verið breytt til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en þær voru áður settar fram samkvæmt lögum um ársreikninga og íslenskum reikningsskilaaðferðum. Í eftirfarandi töflum og skýringum má sjá hvaða áhrif breytingin frá íslenskum reikningsskilaaðferðum til alþjóðlegra reikningsskilastaðla hefur haft á fjárhagsstöðu samstæðunnar og fjárhagslega afkomu hennar. Engar verulegar breytingar eru á sjóðstreymisyfirliti samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum frá því sem áður var samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum.

Eigið fé 1. janúar 2005:

Eigið fé samkvæmt ársreikningi 31. desember 2004			2.603.025
Eigið fé samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum 1. janúar 2005			2.596.525
Breyting frá fyrri reikningsskilareglum			(6.500)
	1.1.2004	31.12.2004	Samtals
Breytingar á mati:			
Áður eignfærður kostnaður gjaldfærður	0	(6.500)	(6.500)
Breytingar vegna alþjóðlegra reikningsskilastaðla samtals	0	(6.500)	(6.500)

Breytingar á eigin fé eru sýndar eftir frádrátt tekjuskatts.

Breytingar á mati

Meðal óefnislegra eigna hefur verið færður kostnaður sem stofnað var til við gerð hugbúnaðar hjá félagi sem sameinaðist dótturfélaginu Opin kerfi ehf. í júlí 2004. Eignfærsla þessa kostnaðar stenst ekki skilyrði IAS 38 um eignfærslu óefnislegra eigna. Eigið fé samstæðunnar lækkar því sem nemur 6,5 millj. kr. vegna þessa, að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa.

Við innleiðingu staðlanna var farið yfir áætlaðan nýtingartíma og áætlað hrakvirði varanlegra rekstrarfjármuna í samræmi við IAS 16. Engar breytingar voru gerðar á áætluðu hrakvirði.

Skýringar, frh.:

21. Frh.:

Efnahagsreikningur 1. janúar 2005:

Eignir	Reikningsskila- reglur 31.12.2004	Breytingar á mati	Alþjóðlegar reikningsskila- reglur
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir	861.680		861.680
Óefnislegar eignir	2.729.669	(7.927)	2.721.742
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	50.600		50.600
Eignarhlutir í öðrum félögum	99.653		99.653
Aðrar eignir	5.646		5.646
Reiknuð skatteign	17.714	1.427	19.141
	<u>3.764.962</u>	<u>(6.500)</u>	<u>3.758.462</u>
Veltufjármunir:			
Vörubirgðir	333.543		333.543
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	3.032.229		3.032.229
Handbært fé	163.892		163.892
	<u>3.529.664</u>	<u>0</u>	<u>3.529.664</u>
Eignir samtals	<u>7.294.626</u>	<u>(6.500)</u>	<u>7.288.126</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé:			
Hlutfé	303.885		303.885
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár	1.632.320		1.632.320
Óráðstafað eigið fé	666.820	(6.500)	660.320
Eigið fé samtals	<u>2.603.025</u>	<u>(6.500)</u>	<u>2.596.525</u>
Skuldir:			
Vaxtaberandi langtímalán	1.437.447		1.437.447
Vaxtaberandi skammtímalán	126.901		126.901
Næsta árs afborganir langtímalána	272.674		272.674
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2.854.579		2.854.579
Skuldir samtals	<u>3.254.154</u>	<u>0</u>	<u>3.254.154</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>7.294.626</u>	<u>(6.500)</u>	<u>7.288.126</u>

Breytingarnar á efnahagsreikningnum eru sýndar án áhrifa tekjuskatts, en breytingar á eigin fé voru sýndar að frádregnum tekjuskatti. Engar breytingar eru á rekstrarreikningi samstæðunnar á árinu 2004.

Í ársreikningi Opin Kerfi Group hf. samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er lögð áhersla á að greina frá beitingu helstu reikningsskilaaðferða, jafnframt því sem greint er frá áhrifum af innleiðingu nýrra reglna á fjárhagsstöðu samstæðunnar.

Skýringar, frh.:

Kennitölur

22. Helstu kennitölur úr rekstri og efnahag samstæðunnar eru eftirfarandi:

	2005	2004
Rekstur:		
Heildartekjur	11.516.016	14.763.461
EBITDA	379.497	805.619
EBIT	303.270	387.762
EBT	256.771	325.572
Hagnaður ársins	214.636	224.661
Efnahagur:		
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,17	1,08
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	29,7%	36,0%
Innra virði hlutfjár - eigið fé / hlutfé	7,01	8,54
Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli - hagnaður / eigið fé	15,5%	12,5%